

Fundargerð 143. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., haldinn þann 4. apríl 2019, kl. 9.00 í fjármálaráðuneytinu, Arnarhvoli, Reykjavík.

Mættir:

Ísak Ernir Kristinsson, formaður stjórnar,

Hafsteinn Hafsteinsson,

Steinunn Sigvaldadóttir,

Marta Jónsdóttir, framkvæmdastjóri,

Anna Steinunn Jónasdóttir, verkefnastjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð,

Ásta Lárusdóttir, fjármálastjóri.

1. *Fundargerð síðasta fundar.*

Borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. *Ársreikningur – framhald.*

Framkvæmdastjóri fór yfir drög að ársreikningi og fól fjármálastjóra að fara yfir þær lagfæringar sem gerðar hafa verið. Umræður.

Stjórn ákvað að engar þjónustugreiðslur skyldu reiknast á árinu 2018 þar sem að félagið væri ekki lengur á fjárlögum. Stjórn samþykkti niðurfærslu í ársreikningi á hlutafé félagsins í Keili. Afgreiðslu ársreiknings frestað til næsta stjórnarfundar.

3. *Kaup Birtu lífeyrissjóðs á veðskuldabréfi Kadeco í Fasteignafélagi Keilis.*

Framkvæmdastjóri fór yfir samkomulag um kaup Birtu lífeyrissjóðs á veðskuldabréfi Kadeco í Fasteignafélagi Keilis. Stjórn samþykkti að fela framkvæmdastjóra að framselja skuldabréfið til Birtu lífeyrissjóðs með áritun.

4. *Verðmat – Skógarbraut 946.*

Framkvæmdastjóri lagði fram verðmat fasteignasla á fasteigninni að Skógarbraut 946. Stjórn þakkaði upplýsingarnar.

5. *Önnur mál.*

Engin erindi voru til umfjöllunar undir önnur mál.

Næsti stjórnarfundur verður haldinn í lok apríl.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.30.

Ísak E. Kristinsson
Hafsteinn Hafsteinsson
Steinunn Sigvaldadóttir